

**Tillaga að:**  
**Starfsleyfi fyrir flugeldasýningar árin**  
**2021 til 2025**

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur mótttekið umsókn frá Björgunarfélagi Hornafjarðar dags. 27.11.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi vegna flugeldasýninga á gamlárskvöld og þrettánda

Starfsemin er starfsleyfisskyld skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annara laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 414/2017 um skotelda og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

**Leyfishafi:** Björgunarfélag Hornafjarðar, kt. 640485-0439  
**Staðsetning á gamlárskvöld:** Austan Hafnarbrautar á móts við gömlu mjólkurstöðina.  
**Tímasetning:** milli kl. 20<sup>00</sup> og 21<sup>30</sup>

**Staðsetning á þrettánda:** Við Laxá í Nesjum.  
**Tímasetning milli 17<sup>00</sup> og 19<sup>00</sup>**

## 1. Gildis- og ábyrgðarsvið

- Leyfið tekur til flugeldasýninga á áramótum árin 2021 til 2024 að báðum árum meðtöldum og á þrettándanum árin 2022 til 2025 að báðum árum meðtöldum. Leyfið veitir heimild til einnar flugeldasýningar ár hvert um áramót og einnar flugeldasýningar ár hvert á þrettándanum.
- Leyfið er veitt með þeim skilyrðum að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum.
- Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.

## 2. Skilyrði

- Leyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands er skilyrt því að fyrir liggi endanlegt leyfi lögregluvalda fyrir sýningunni.
- Skylt er að haga allri háværrri starfsemi þannig að valdi sem minnstu ónæði.
- Óheimilt er að hefja skoteldasýningu ef vindátt eða veðrátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- Sjá skal um að skotsvæðið sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun.

dd. desember 2021  
F.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands,

XXXXXXXXXX XXXXXXXXXXXXX  
heilbrigðisfulltrúi